

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 22. maí 2012 í máli nr. E-116/2011:

Borgarbyggð

(Skarphéðinn Pétursson hrl.)

gegn

Arion banka hf.

(Andri Árnason hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 13. apríl sl., er höfðað með stefnu birtri 6. júní 2011.

Stefnandi er Borgarbyggð, Borgarbraut 11 í Borgarnesi.

Stefndi er Arion banki hf.

Við uppkvaðningu dóms er gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi að eftirstöðvar lánessamnings, sem gerður hafi verið hinn 27. desember 2006, hafi verið hinn 10. mars 2011:

1. Aðallega, kr. 128.951.389.
2. Til vara, kr. 162.371.077.
3. Til þrautavara, kr. 185.703.106.
4. Til þrautaþrautavara, kr. 196.871.513.

Í öllum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda, að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda.

Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

MÁLSATVIK

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að hinn 27. desember 2006 hafi stefnandi og Sparisjóður Mýrasýslu gert með sér lánasamning sem borið hafi yfirskriftina Lánessamningur (lán í erlendum gjaldmiðlum). Komi jafnframt fram í lánasamningnum, að um sé að ræða lán til allt að 20 ára að jafnvirði allt að tvö hundruð milljónum íslenskra króna. Í fyrsta kafla lánasamningsins er kveðið svo á að lánið skuli vera samsett úr erlendum myntum í hlutföllunum 50% JPY (japanskt jen) og 50% CHF (svissneskur franki), svokallað fjölmyntalán.

Kveður samningurinn á um að lánið skuli greiðast með 80 afborgunum með gjalddaga á þriggja mánaða fresti, með fyrsta gjalddaga hinn 10. mars 2007, og að það skuli bera svokallaða LIBOR-vexti (London Inter Bank Offered Rate), þ.e. vexti á millibankamarkaði í London, eða þeir skulu taka mið af öðrum vöxtum á millibankamarkaði eða gjaldmiðlaskiptamarkaði sem lánveitandi gefur upp hverju sinni, auk 1,8% vaxtaálags.

Lánið var greitt út til stefnanda í samræmi við ákvæði lánasamningsins hinn 29. desember 2006, og voru kr. 199.0000.000 lagðar inn á reikning hans, skv. sérstakri kaupnótu, þar sem jafnvirði hinna erlendu mynta (JPY og CHF) var umreiknað í íslenskar krónur.

Með heimild í lögum nr. 125/2008 hafi Fjármálaeftirlitið tekið þá ákvörðun að taka yfir vald stofnfjáreigendafundar Sparisjóðs Mýrasýslu (SPM) og að Nýi Kaupþing banki hf. (nú Arion banki hf.) yfirtæki í einu lagi þau réttindi sem áður tilheyrðu SPM og fram komi í kaupsamningi milli SPM og Arion banka hf. sem gerður hafi verið hinn 3. apríl 2009. Ákvörðun þessi sé dagsett sama dag. Frá og með 1. júlí 2010 hafi Arion banki hf. tekið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum SPM.

Með dómum Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 153/2010 hafi verið skýrlega úr því skorið að almennt bann væri við gengistryggingu á Íslandi og að allir lánasamningar svo tryggðir tækju sjálfkrafa breytingum hvað varðar réttindi og skyldur þegar af þeirri ástæðu. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 hafi því verið slegið föstu að ákvæði um vexti í lánasamningi þeim, sem til umfjöllunar hafi verið í málinu, skyldi, vegna ólögmætis gengistryggingar, miðast við 4., sbr. 3., gr. laga nr. 38/2001 (vaxtalaga). Í kjölfarið hafi verið sett lög nr. 151/2010, um breytingu á lögum nr. 38/2001, þar sem kveðið hafi verið á um með hvaða hætti höfuðstóll ákveðinna gengistryggðra lána skyldi leiðréttur með vísan til fyrrgreindra dóma Hæstaréttar.

Stefnandi hafi alla tíð greitt af láninu í samræmi við ákvæði lánasamningsins og ekki hafi komið til svokallaðrar frystingar lánsins í samræmi við tilmæli ríkisstjórnar Íslands til viðskiptabanka, dags. 22. október 2008. Höfuðstóll lánsins hafi og ekki verið endurútreiknaður í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í fyrrgreindum málum og hafi stefndi neitað því að lánasamningurinn falli undir fyrrgreind fordæmi Hæstaréttar.

Afborganir lánsins hafi allar verið greiddar með íslenskum krónum sem hafi verið skuldfærðar af tékkareikningi lántaka hjá SPM, nú stefnda, Arion banka hf.

Sé miðað við ólögmæta gengistryggingu og afstöðu stefnda hafi staða lánsins verið, hinn 10. mars 2011, kr. 352.180.493.

Fulltrúar stefnanda hafi í kjölfar fyrrgreindra dóma Hæstaréttar átt í viðræðum við fulltrúa stefnda um leiðréttingu á höfuðstól hins umdeilda láns en án árangurs og sé stefnanda því nauðugur einn sá kostur að höfða dómsmál þetta.

MÁLSÁSTÆÐUR

Ekki er um það ágreiningur með aðilum að skuldbinding samkvæmt lánasamningi aðila varði lánsfé í íslenskum krónum, sbr. VI. kafla vaxtalaga, bundið við gengi erlendra gjaldmiðla, en ekki lánsfé í erlendri mynt. Samningurinn feli í sér verðtryggingu skuldbindinga lánasamnings í íslenskum krónum, sem bundinn sé við gengi erlendra gjaldmiðla, og fari af þeim sökum í bága við ákvæði 14. gr. laga um vexti og verðtryggingu.

Af hálfu stefnanda segir að af dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 megi ráða að við ákvörðun vaxta af skuldbindingum samkvæmt lánasamningnum beri að fara eftir 4. gr., sbr. 3. gr., vaxtalaga sem feli í sér að vextir skuli vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir eru skv. 10. gr. laganna. Í þessu felist annars vegar að lánveitanda hafi eftir uppkvaðningu dómsins verið óheimilt að innheimta greiðslur af láninu sem miðist við gengistryggingu og hins vegar að lántaki geti haft uppi fjárkröfu á hendur lánveitanda sem nemi ofgreiðslu af láninu.

Um aðalkröfu byggir stefnandi aðallega á því að hver og ein afborgun hans af höfuðstól og vöxtum lánsins, sem stefndi hafi veitt athugasemdalaust viðtöku, hafi falið í sér fullnaðargreiðslu af hálfu stefnanda sem hann verði ekki endurkrafinn um. Þá er til þess vísað að stefndi hafi sjálfur annast útreikning afborgana lánsins og sent stefnanda greiðsluseðla í samræmi við það. Stefnandi hafi því greitt hverja og eina afborgun af höfuðstól í samræmi við bein fyrirmæli stefnda og á grundvelli útreikninga hans. Stefnandi hafi því réttilega mátt gera ráð fyrir að afborganir hans á hinum fyrir fram ákveðnu gjalddögum, í samræmi við greiðsluseðla stefnda, hafi falið í sér fullnaðargreiðslu hvorrar afborgunar, með tilheyrandi lækkun á höfuðstól, og að stefnandi yrði ekki krafinn um frekari greiðslur vegna þeirra síðar. Byggir stefnandi á því, í samræmi við almenn sjónarmið kröfuréttar um aðgæsluskyldu lánastofnana, að það hafi staðið stefnda nær að gæta annars vegar að lögmæti verðtryggingar lánasamningsins og hins vegar að því að innheimtuseðlar, sem stefndi hafi gefið út vegna afborgana lánsins, hafi verið réttir og að fyrirvaralaus móttaka stefnda á greiðslum stefnanda á afborgunardögum hafi því falið í sér fullnaðaruppgjör hvorrar afborgunar. Stefnandi hafi mátt treysta því að um endanlegt uppgjör væri að ræða, enda hafi stefndi haft yfirburðastöðu gagnvart

stefnanda og búið yfir sérþekkingu á þessu sviði.

Jafnvel þó að í forsendum fyrrgreinds dóms Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 komi fram að ákvæði lánasamninga um vexti og verðtryggingu séu svo nátengd að sé verðtrygging ólögmæt beri að miða við vexti eins og ósamið hafi verið um þá, sbr. 4., sbr. 3., gr. vaxtalaga, og að reikna beri vexti af slíkum samningum frá upphafi lánstíma, álitur stefnandi að ekki sé unnt að líta fram hjá því að afborganir lánsins að meðtöldum vöxtum hafi til þessa dags verið greiddar af hálfu stefnanda og móttæknar athugasemdalaust af hálfu stefnda.

Stefnandi heldur því fram að sömu sjónarmið eigi við um afborganir af lánasamningnum og afborganir af skuldabréfum með löggiöfnun frá þeim reglum sem um slík viðskiptabréf gilda. Meginreglan, varðandi þau tilvik þar sem kröfuhafi samkvæmt skuldabréfi hafi gefið út fyrirvaralaus kvittun fyrir greiðslu, þ.m.t. afborgun, sé sú að kröfuhafi eigi ekki rétt til frekari greiðslna þótt síðar komi í ljós að greiðslan hafi verið of lág. Einungis að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram komi í 32. gr. laga nr. 37/1936 (samningalaga) kæmi slík endurgreiðsla til greina. Í 32. gr. laganna segi að löggerningur, sem vegna misritunar eða annarra mistaka, af hálfu þess sem gerði hann, hefur orðið annars efnis en til var ætlast, sé ekki skuldbindandi fyrir þann sem gerði hann ef sá maður, sem löggerningnum var beint til, vissi eða mátti vita að mistök hefðu átt sér stað. Ef skuldari vissi eða mátti vita að kvittun var annars efnis en til var ætlast vegna mistaka eða misritunar getur kröfuhafi eftir atvikum krafist greiðslu mismunar.

Fullvíst sé að stefnandi hafi hvorki vitað né mátt vita að efni kvittana, sem gefnar voru út af stefnda vegna greiðslna stefnanda af hinu umdeilda láni, væri byggt á röngum forsendum eða mistökum af hálfu stefnda. Þvert á móti verði að ætla að stefndi hafi alla tíð talið að umræddar kvittanir væru réttar að efni til og greiðslur samkvæmt þeim fælu í sér fullnaðargreiðslu hvers gjalddaga, enda hafi stefndi innheimt afborganir lánsins á fyrir fram ákveðnum gjalddögum, í samræmi við ólögmeða skilmála samningsins, og engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu stefnda við greiðslum stefnanda.

Þótt síðar komi í ljós að einstök samningsákvæði séu ólögmæt og að miða beri vexti af gengistryggðum lánum við nýjar forsendur breyti það ekki því að þær greiðslur, sem þegar hafi verið inntar af hendi á grundvelli hinna ólögmeðu samningsskilmála, séu fullnaðargreiðslur sem skuldari verði ekki endurkrafinn um.

Önnur niðurstaða sé í andstöðu við almennar reglur kröfuréttar um lok kröfuréttinda og efndir kröfu, en fullnaðarkvittun hafi almennt verið talin staðfesting á því að kröfuhafi eigi ekki frekari kröfur á hendur skuldara. Ekki verði séð að nokkur munur sé á láni með ólögmeðri verðtryggingu, sem greitt hafi verið upp að hluta í samræmi við efni samnings, og sambærilegu láni sem greitt hafi verið upp að fullu.

Ljóst sé hins vegar að aldrei kæmi til álita í hinu síðara tilfelli að krefja skuldara um greiðslu á mismuni heildargreiðslna og þeirrar niðurstöðu sem myndi fást við endurútreikning með hliðsjón af ákvæðum 4., sbr. 3., gr. vaxtalaga.

Útreikningur í aðalkröfu stefnanda byggist á því að þær afborganir, sem stefnandi hafi innt af hendi inn á höfuðstól lánsins, séu að fullu efndar og skulu því dragast

frá upphaflegum höfuðstól lánsins.

Samkvæmt hinum umdeilda lánasamningi hafi átt að greiða lánsfjárhæðina að fullu með 80 jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti. Fullljóst sé að greiðsla hvernar afborgunar gegn útgáfu kvittunar feli í sér endalok þeirrar kröfu. Stefnandi hafi þegar greitt 17 afborganir af láninu sem skiptist samkvæmt kvittunum á dskj. 5 á eftirfarandi hátt:

Dagsetning	#	Vextir	Afborgun	Greiðsla
29.12.2006	Útgreiðsla			
200.000.000				
12.3.2007	1	1.189.489	2.369.970	3.559.459
197.630.030				
11.6.2007	2	1.433.941	2.199.657	3.633.598
195.430.373				
10.9.2007	3	1.598.968	2.400.264	3.999.232
193.030.109				
10.12.2007	4	1.685.004	2.312.973	3.997.977
190.717.136				
10.3.2008	5	1.989.543	2.792.134	4.781.677
187.925.002				
10.6.2008	6	2.193.298	3.074.173	5.267.471
184.850.829				
10.9.2008	7	2.422.427	3.491.743	5.914.170
181.359.086				
10.12.2008	8	2.970.538	4.589.614	7.560.152
176.769.472				
10.3.2009	9	2.285.407	4.455.941	6.741.348
172.313.531				
10.6.2009	10	2.247.930	5.255.197	7.503.126
167.058.334				
10.9.2009	11	2.171.614	5.387.118	7.558.732
161.671.216				

10.12.2009	12	2.022.680	5.414.480	7.437.160
156.256.736				
10.3.2010	13	1.934.542	5.504.936	7.439.479
150.751.800				
10.6.2010	14	1.899.767	5.414.354	7.314.121
145.337.446				
10.9.2010	15	1.797.572	5.414.659	7.212.231
139.922.787				
10.12.2010	16	1.766.086	5.363.963	7.130.049
134.558.824				
10.3.2011	17	1.772.010	5.607.435	7.379.444
128.951.389				
			33.380.816	71.048.611
104.429.427				

Samkvæmt útgefnum kvittunum hafi stefnandi þegar greitt 71.048.611 krónur í afborganir af höfuðstól lánsins og 33.380.816 krónur í vexti. Þar af leiði að eftir standi af höfuðstól lánsins 128.951.389 krónur sem er sú staða lánsins sem krafist er viðurkenningar á í aðalkröfu.

Varakrafa

Stefnandi byggir útreikning dómkrafna sinna, skv. varakröfu, á því að hann hafi greitt af láninu fram til 10. mars 2011, alls kr. 104.429.427, þar af kr. 33.380.816 í vexti. Álítur stefnandi, með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 471/2010, að greiðslur hans af láninu skuli koma til frádráttar upphaflegri lánsfjárhæð áður en vextir skv. 4. gr., sbr. 3. gr., vaxtalaga eru lagðir við lánsfjárhæðina. Þannig álítur stefnandi að frá lántökudegi beri að reikna framangreinda vexti af mismun upphaflegs höfuðstóls og þeirra greiðslna sem hann hefur innt af hendi til 10. mars 2011, þ.e. kr. 95.570.573. Samkvæmt því eru eftirstöðvar lánsins reiknaðar á eftirfarandi hátt:

Tímabil	Dagar	Meðalvextir	Staða	Vextir
1 29.12.2006 15.325.238	29.12.2007	360	16,04%	95.570.573
2 29.12.2007 19.668.143	29.12.2008	360	17,74%	110.895.811
3 29.12.2008 18.455.536	29.12.2009	360	14,14%	130.563.953

4	29.12.2009 11.610.084	29.12.2010	360	7,79%	149.019.489
5	29.12.2010 1.741.505	10.03.2011	71	5,50%	160.629.573
6	10.03.2011 0	10.03.2011	0	5,25%	162.371.077
7	10.03.2011 162.371.077	10.03.2011 0	0	5,25%	

Staða 10.03.2011 (1) 162.371.077
66.800.504

Þegar greiddir vextir (2) _____ 0

Eftirstöðvar 10.03.2011 (1-2) _____
162.371.077

Samkvæmt þessu eru vextir reiknaðir af mismun upphaflegs höfuðstóls lánsins og þeirra greiðslna sem stefnandi innti af hendi til 10. mars 2011, þ.m.t. vaxtagreiðslur, og vextir reiknaðir af þeirri fjárhæð á grundvelli 4. gr., sbr. 3. gr., vaxtalaga kr. 66.800.504 og því er ný staða lánsins kr. 162.371.077 sem krafist er viðurkenningar á í þessum kröfulið. Jafnframt er vísað til þeirra sjónarmiða sem fram koma í 5. mgr. 18. gr. vaxtalaga.

2.6 Þrautavarakrafa

Stefnandi byggir útreikning dómkrafna sinna skv. þrautavarakröfu á sömu sjónarmiðum og rakin eru í kafla 2.5 í stefnu að því frátöldu að heildaraborganir stefnanda af höfuðstól lánsins koma til frádráttar upphaflegri lánsfjárhæð í stað samtölu afborgana af höfuðstól auk vaxta. Greiddir vextir stefnanda koma til frádráttar niðurstöðunni. Samkvæmt því eru eftirstöðvar lánsins reiknaðar á eftirfarandi hátt:

Tímabil	Dagar	Meðalvextir	Staða	Vextir
1 29.12.2006 20.678.025	29.12.2007	360	16,04%	128.951.389
2 29.12.2007 26.537.816	29.12.2008	360	17,74%	149.629.414

3	29.12.2008 24.901.671	29.12.2009	360	14,14%	176.167.230
4	29.12.2009 15.665.245	29.12.2010	360	7,79%	201.068.901
5	29.12.2010 2.349.776	10.03.2011	71	5,50%	216.734.146
6	10.03.2011 0	10.03.2011	0	5,25%	219.083.922
7	10.03.2011 219.083.922	10.03.2011 0	0	5,25%	

Staða 10.03.2011 (1) 219.083.922
90.132.533

Þegar greiddir vextir (2)
33.380.816

Eftirstöðvar 10.03.2011 (1-2)
185.703.106

Samkvæmt þessu eru vextir reiknaðir af mismun upphaflegs höfuðstóls lánsins og þeirra afborgana af höfuðstól lánsins sem stefnandi innti af hendi til 10. mars 2011 og vextir reiknaðir af þeirri fjárhæð á grundvelli 4. gr., sbr. 3. gr., vaxtalaga. Frá þeirri fjárhæð eru dregnar þær vaxtagreiðslur sem stefnandi innti af hendi á gjalddögum, kr. 33.380.816, og því er ný staða lánsins kr. 185.703.106, sem krafist er viðurkenningar á í þessum kröfulið.

2.7 Þrautaþrautavarakrafa

Dómkröfur stefnanda skv. þrautaþrautavarakröfu miðast við að vextir af greiddum afborgunum reiknist í samræmi við 4. gr., sbr. 3. gr., vaxtalaga en hver afborgun dragist frá höfuðstól. Þá koma þeir vextir, sem stefnandi hefur þegar innt af hendi á gjalddögum, til frádráttar frá hinum fyrnefnda vaxtaútreikningi. Mismunur þeirrar tölu leggst við höfuðstól lánsins eins og hann var þann 10. mars 2011.



Með einföldum hætti reiknast krafan skv. þessum kröfulið á neðangreindan hátt:



Þá vísast jafnframt til þeirra sjónarmiða sem fram koma í 5. mgr. 18. gr. vaxtalaga.

Lagarök

Stefnandi vísar til almennra reglna samninga- og kröfuréttar, einkum til sjónarmiða um efndir og lok kröfuréttinda. Þá vísast til lögfesta og ólögfesta reglna um viðskiptabréf, einkum skuldabréf, sem stefnandi telur eiga við um málefnið með lögjöfnun, sbr. m.a. tilskipun um áritun afborgana á skuldabréf, nr. 9/1798.

Þá vísast til ákvæða laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum II., VI. og VII. kafla þeirra.

Krafa um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, aðallega 129. og 130. gr.

Af hálfu stefnda er viðurkennt að lán stefnanda falli undir 18. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. gr. laga nr. 151/2010, og sé stefndi af þeim sökum búinn að endurreikna lánasamninginn í samræmi við framangreind lagaákvæði. Stefndi fallist hins vegar ekki á viðurkenningarkröfu stefnanda og sé því krafist sýknu af þeirri kröfu, að því er varðar alla fjóra töluliði kröfunnar. Krafa stefnda um sýknu byggi á því að niðurstaða útreiknings hvernar kröfu stefnanda, sem rúmist innan viðurkenningarkröfunnar (allir fjórir töluliðirnir), sé byggð á röngum forsendum. Nánar tiltekið byggir stefndi á því að við endurútreikninginn fylgi stefnandi ekki fyrirmælum 18. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. gr. laga nr. 151/2010, þar sem fram komi með nákvæmum hætti hvernig haga skuli endurútreikningi og uppgjöri vegna þeirra lána sem falli undir 18. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. gr. laga nr. 151/2010.

Hinn 18. desember 2010 hafi lög nr. 151/2010, um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl., verið samþykkt á Alþingi. Ákvæði 1. gr. laganna, sem orðið hafi að 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, hafi að geyma fyrirmæli um það með hvaða hætti endurreikna eigi þau lán sem falli undir gildissvið ákvæðisins, þ.e. ef sammingsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar eða dráttarvexti teljist ógild eða ef samningur kveði á um verðtryggingu skuldar samhliða vaxtaákvæðum, og annað tveggja sé ógilt. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 skuli endurútreikningurinn fara þannig fram að upphaflegur höfuðstóll lánsins, í íslenskum krónum, sé vaxtareiknaður miðað við vexti sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum, skv. 1. másl. 4. gr. laga nr. 38/2001 og birtur samkvæmt 10. gr. sömu laga. Vextir séu reiknaðir frá stofndegi peningakröfu, sbr. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001, og séu lagðir við höfuðstól einu ári eftir lántöku og síðan árlega, sbr. 12. gr. sömu laga. Frá þeirri fjárhæð dragist greiðslur, sem lántaki hafi innt af hendi (þ.e. afborganir af höfuðstól, vextir, dráttarvextir og vanskilaálögur), vaxtareiknaðar frá greiðsludegi til viðmiðunardags endurútreiknings miðað við sömu vexti, sbr. 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001. Undanskilið frá þessum greiðslum sé tilkynningar- og greiðslugjald, samkvæmt gjaldskrá hverju sinni, enda hefði lántaki í öllum tilvikum þurft að greiða þann kostnað. Þannig útreiknuð fjárhæð myndi eftirstöðvar skuldarinnar, þ.e. höfuðstól lánsins í íslenskum krónum. Skuli þá upphaflegir eða síðar ákvarðaðir endurgreiðsluskilmálar gilda að því er varðar lánstíma, gjalddaga og aðra tilhögun á greiðslu skuldarinnar, sbr. 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001.

Stefndi hafi endurreiknað lán stefnanda í samræmi við ofangreind fyrirmæli 18. gr. laga nr. 38/2001. Niðurstaða endurútreikningsins, miðað við hinn 10. mars 2011,

þ.e. sömu dagsetningu og útreikningar stefnanda séu miðaðir við, sé sú að eftirstöðvar lánsins nemi 213.894.396 krónum. Þar kemur fram að upphaflegur höfuðstóll lánsins hafi verið 200.000.000 króna og að áfallnir vextir (þ.e. áfallnir vextir sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum skv. 1. másl. 4. gr. laga nr. 38/2001) nemi 139.813.867 krónum frá stofndegi peningakröfunnar til viðmiðunardags, samtals 339.813.867 krónum. Greiðslur stefnanda vegna lánasamningsins hafi numið samtals 104.429.425 krónum og óverðtryggðir vextir á innborgunar (þ.e. vextir sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum skv. 1. másl. 4. gr. laga nr. 38/2001) hafi numið samtals 21.490.046 krónum frá hverjum greiðsludegi til viðmiðunardags, samtals 125.919.471 krónu. Mismunurinn á þessum fjárhæðum, þ.e. vaxtareiknaður höfuðstóll að frádregnum vaxtareiknuðum innborgunum, myndi eftirstöðvar skuldarinnar, þ.e. 213.894.396 krónur (339.813.867 – 125.919.471).

Stefndi byggir á því að framangreind niðurstaða endurútreiknings stefnda, þ.e. að hinn 10. mars 2011 nemi eftirstöðvar skuldbindingar stefnanda við stefnda 213.894.396 krónum, feli í sér réttar eftirstöðvar skuldarinnar. Þar af leiðandi sé niðurstaða útreiknings hvernar kröfu, sem rúmist innan síðari viðurkenningarkröfu stefnanda, þ.e. allir fjórir töluliðirnir, byggð á röngum forsendum, enda fylgi stefnandi ekki fyrirmælum 18. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. gr. laga nr. 151/2010, við endurútreikninginn. Þar sem stefnandi fylgi ekki skýrum lagafyrirmælum við endurútreikning kröfunnar beri, að mati stefnda, að sýkna hann af síðari viðurkenningarkröfu stefnanda.

Varðandi framangreindan endurútreikning stefnda á láni stefnanda vísar stefndi m.a. til skýrslu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands frá 27. maí 2011 sem ber heitið „Endurútreikningur gengistryggðra lána“. Tilgangur skýrslunnar hafi verið sá að yfirfara endurútreikninga fjármálafyrirtækja, þ.m.t. stefnda, á lánnum til viðskiptavina í kjölfar gildistöku laga nr. 151/2010 og kanna hvort útreikningarnir væru í samræmi við ákvæði laganna. Í 3. kafla skýrslunnar er þeirri aðferð lýst, sem stefndi beitir við endurútreikning gengistryggðra lána og útlistuð er hér að framan. Höfundar skýrslunnar telja að fjármálafyrirtækin, þ.m.t. stefndi, fylgi fyrirmælum laga nr. 151/2010 um endurútreikning í meginatriðum. Jafnframt er talið að sú aðferð sem stefndi beitir við endurútreikning sé í bestu samræmi við löginn, sbr. 1. og 2. kafla skýrslunnar.

Viðurkenningarkrafa stefnanda sé byggð á því að hver og ein afborgun stefnanda af höfuðstól og vöxtum lánsins, sem stefndi hafi athugasemdalaust veitt viðtöku, hafi falið í sér fullnaðargreiðslu af hálfu stefnanda sem hann verði ekki endurkrafinn um. Jafnframt hafi stefnandi réttilega mátt gera ráð fyrir því að afborgunar hans af fyrir fram ákveðnum gjalddögum, í samræmi við greiðsluseðla frá stefnda, hafi falið í sér fullnaðargreiðslu hvernar afborgunar og að stefnandi yrði ekki krafinn um frekari greiðslu vegna þeirra síðar. Telji stefnandi að önnur niðurstaða sé í andstöðu við almennar reglur kröfuréttar um lok kröfuréttinda og efnidir kröfu þar sem fullnaðarkvittun hafi almennt verið talin staðfesting á því að kröfuhafi eigi ekki frekari kröfur á hendur skuldara. Stefndi hafnar því að þessi sjónarmið stefnanda nái fram að ganga í máli þessu. Stefndi dragi ekki í efa almennar reglur kröfuréttar um fullnaðargreiðslu og fullnaðarkvittun. Í máli þessu hagi hins vegar svo til að ekki sé um það að ræða að stefndi hafi tekið það upp hjá sjálfum sér, samkvæmt

eigin mati, að krefjast frekari greiðslu hvernar greiddrar afborgunar. Þvert á móti byggji stefndi á því að Alþingi hafi sett lög sem hafi að geyma fyrirmæli um það hvernig breyta eigi efnislega samningi milli aðila ef samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti teljist ógild eða ef samningur kveði á um verðtryggingu skuldar samhliða vaxtaákvæðum, og annað tveggja sé ógilt, en aðilar séu sammála um að svo hagi til um skuldbindingu stefnanda við stefnda samkvæmt umþrættum lánasamningi. Að mati stefnda verði að telja að slík lagasetning gangi framur hinni almennu reglu kröfuréttarins um gildi fullnaðargreiðslu og fullnaðarkvittana. Um þetta atriði vísar stefndi til viðurkenndra forgangsreglna hinnar almennu réttarheimildafræði og lögskýringarfræðinnar um *lex superior*, *lex specialis* og *lex posterior*. Jafnframt bendir stefndi á að af athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 151/2010 megi ráða að vilji löggjafans sé skýr um það hvernig endurreikna eigi lán sem falli undir gildissvið 18. gr. laga nr. 38/2001. Í athugasemdunum komi m.a. fram að ákvæðið ætti að endurspeglar með skýrum hætti þá staðreynd að órjúfanleg tengsl séu á milli ákvæða um verðtryggingu og samninga um vexti af fjárskuldbindingum. Af því leiði að ef annaðhvort ákvæði samninga um vexti eða verðtryggingu eru ógildanleg verði að koma til heildarendurskoðunar í samræmi við ákvæði 4. gr. laga nr. 38/2001, þ.e. að litið sé á þá aðstöðu eins og ekki hafi verið samið um tiltekna vexti eða verðtryggingu. Þá segi að þessi regla sé í fullu samræmi við þá niðurstöðu sem komist hafi verið að í dómi Hæstaréttar frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010. Í forsendum dómsins segi meðal annars að fullljóst væri að umsamin vaxtakjör lánsins, sem til umfjöllunar voru í málinu, hefðu aldrei komið til álita nema í tengslum við gengistryggingu þess sem lægi fyrir að óheimilt hafi verið að kveða á um. Í því ljósi og að bein og órjúfanleg tengsl væru milli ákvæða um gengistryggingu og vaxta væri hvorki unnt að styðjast við fyrirmæli um vexti óbreytt eftir orðanna hljóðan né gefa þeim með skýringu annað inntak. Hafi Hæstiréttur því talið óhjákvæmilegt að ógildi ákvæðis um gengistryggingu leiddi til þess að líta yrði með öllu fram hjá ákvæðum samningsins um vaxtahæð og að líta svo á að atvik svari til þess að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera. Samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr., laga nr. 38/2001 skuli vextir, þegar svo standi á, vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir eru samkvæmt 10. gr. laganna.

Af athugasemdum með frumvarpi því sem orðið hafi að lögum nr. 151/2010 og dómi Hæstaréttar frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010 leiði að óhjákvæmilegt sé að meta sem eina heild þá breytingu sem verði á samningi aðila með því að hin ólögmeta gengistrygging falli brott og vextirnir breytist um leið. Þá sé, að mati stefnda, ekki unnt að líta með öllu fram hjá ákvæðum lánasamningsins um vexti án þess að það verði gert frá stofndeggi peningakröfunnar, sbr. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001. Að öðrum kosti séu virt að vettugi sjónarmið löggjafans og forsendur Hæstaréttar í framangreindu máli um þau beinu og órjúfanlegu tengsl sem séu milli gengistryggingar og vaxta. Þá sé ómögulegt að vaxtareikna upphaflegan höfuðstól án þess að það sé gert frá stofndeggi, því ef endurútreikningur vaxta væri látinn miðast við annað og síðara tímamark væri ekki fylgt þeirri reglu að vaxtareikna hinn upphaflega höfuðstól, sbr. 2. másl. 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001. Athugasemdalaus móttaka greiðslna af hálfu stefnda frá stefnanda fái engu breytt í þessum efnunum, líkt og stefnandi haldi fram.

Stefndi mótmælir sérstaklega fullyrðingum stefnanda er lúta að því að stefnda hafi, sem lánveitanda, verið óheimilt að innheimta greiðslur af umþrættu láni sem miði við gengistryggingu, eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010. Lagaleg óvissa hafi verið uppi um tilteknar tegundir lánasamninga stefnda fram að uppkvaðningu dóms Hæstaréttar frá 9. júní 2011 í máli nr. 155/2011 en sem fyrr segi hafi stefndi lýst því yfir hinn 15. júní 2011, þ.e. sex dögum síðar, að tiltekin lán stefnda teldust vera gengistryggð lán í íslenskum krónum og því að hluta ólögmet samkvæmt íslenskum lögum.

Þá bendir stefndi á að ekki fái staðist, að mati stefnda, að sömu sjónarmið eigi við um afborganir af lánasamningum og afborganir af skuldabréfum, með lögjöfnum, líkt og stefnandi haldi fram. Sérreglur gildi um þær tegundir krafna sem teljast viðskiptabréfakröfur en lánasamningar séu ekki þar á meðal. Að mati stefnda væru sérstakar reglur um viðskiptabréf, þ.m.t. skuldabréf, óþarfar ef hægt væri að beita þeim reglum um kröfur sem ekki teljast viðskiptabréfakröfur, þ.m.t. lánasamninga. Ef fallist yrði á þessi sjónarmið stefnanda, þrátt fyrir það sem að framan greini, ættu, allt að einu, sömu sjónarmið við og rakin eru hér að ofan um þessa málsástæðu stefnanda.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið telur stefndi einsýnt að sýkna beri hann af síðari viðurkenningarkröfu stefnanda.

Lagarök

Vísað er til laga nr. 38/2001, sbr. lög nr. 151/2010. Jafnframt er vísað til viðurkenndra forgangsreglna hinnar almennu réttarheimildafræði og lögskýringarfræðinnar um lex superior, lex specialis og lex posterior. Vísað er til almennra reglna kröfuréttar og meginreglna samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Varðandi kröfu stefnda um málskostnað er vísað til ákvæða laga nr. 91/1991, einkum og sér í lagi 129. gr. og 130. gr. þeirra. Um kröfu stefnda um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun vísast til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Stefndi er ekki virðisaukaskattsskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnanda.

NIÐURSTADA

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010, frá 16. september 2010, kemur fram að þegar talið væri að um lánsamninga væri að ræða sem teldust fela í sér óheimila gengistryggingu væri fullljóst að umsamin vaxtakjör í slíkum samningum, sem miðuðust við kjör í viðkomandi erlendum myntum, hefðu aldrei komið til álita nema í tengslum við umrædda gengisviðmiðun og þannig væru bein og órjúfanleg tengsl milli ákvæða um gengisbindingu og vaxtanna, og væri því ekki unnt að styðjast við fyrirmæli sammingsins um vexti óbreytt eftir orðanna hljóðan. Yrði því, samhliða ógildingu gengisbindingar, að líta með öllu fram hjá ákvæðum

samningsins um vaxtahæðina eða um hina erlendu vexti og líta bæri svo á að atvik svari til þess að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera, eins og það var orðað. Þegar svona stæði á giltu ákvæði 4. gr., sbr. 3. gr., vaxtalaga nr. 38/2001, þ.e. vextir sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánunum hjá lánastofnunum og birtir eru samkvæmt 10. gr. vaxtalaga. Af þessum dómi leiði þannig, að ef samið var um gengisviðmiðun, sem var óheimil, eigi að koma til heildarendurskoðunar vaxta eins og ekki hafi verið samið um neina tiltekna vexti, og að líta yrði þá að öllu leyti fram hjá ákvæðum samningsins um erlendu vextina og því hafi í öndverðu verið samið um greiðslu vaxta sem birtir eru skv. 4. gr. vaxtalaganna, svokallaðra Seðlabankavaxta.

Á þessum grundvelli voru síðan sett lög nr. 151/2010 um uppgjör eða endurútreikning lána sem tekið höfðu mið af óheimilli gengisviðmiðun, en í 1. gr. breytingalaganna, sem laut að 18. gr. vaxtalaganna, kom fram að endurútreikningur lána við þessar aðstæður skyldi miðast við vexti skv. 1. m. 4. gr. vaxtalaga, þ.e. birta Seðlabankavexti. Síðan var skýrlega kveðið á um það í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 151/2010 að slíkir vextir skyldu reiknast frá stofnþegi kröfu, en frá fjárhæð láns þannig reiknuðu skyldi síðan draga þær fjárhæðir, sem inntar höfðu verið af hendi fram að uppgjörstigi í vexti og afborganir miðað við hvern innborgunardag, og þannig útreiknuð fjárhæð myndi mynda eftirstöðvar skuldarinnar. Skyldu síðan upphaflegir eða síðar ákvarðaðir endurgreiðsluskilmálar gilda að því er varðar lánstíma o.fl. Stefnandi telur ljóst að þetta ákvæði 18. gr. vaxtalaga gildi um útreikning á láni því sem hér um ræðir. Beri því að reikna kröfuna sem slíka í samræmi við ákvæði 5. mgr. 18. gr. vaxtalaga, sbr. 1. nr. 151/2010.

Stefnandi ber fyrir sig að hver og ein afborgun vaxta og höfuðstóls sem hann hafi innt af hendi teljist fullnaðargreiðsla og verði hann ekki krafinn um greiðslu frekari vaxta en þegar hafi verið greiddir án nokkurra athugasemda frá stefnda. Það er meginregla í kröfurétti að hafi kröfuhafi fengið greitt minna en hann átti rétt til í lögskiptum eigi hann kröfu á skuldara um það sem vangreitt er. Enda þótt undantekning frá þeirri reglu komi til álita við sérstakar aðstæður, svo sem fram koma í dómi Hæstaréttar í máli nr. 347/1997, þykir ekki sýnt fram á það hér að atvik séu með þeim hætti að af þessari ástæðu komi til þess að skuldari hafi losnað undan greiðsluskyldu sinni. Verður hér að líta til hinna sérstöku aðstæðna sem sköpuðust á fjármálamarkaði við það að lán voru veitt enda þótt verðtrygging þeirra væri ólögmat.

Með lögum nr. 151/2010 voru settar reglur um það hvernig taka skyldi á því að verðtrygging lána reyndist ekki fyrir hendi sökum ólögmætis þeirra en vextir voru miklum mun lægri heldur en verið hefði ef miðað hefði verið við vaxtastig hér innanlands. Þykir sú lagasetning hafa verið málefnaleg og í tilviki stefnanda ekki hafa verið svo íþyngjandi að ekki verði farið að ákvæðum þeirra um útreikning eftirstöðva lánasamnings aðila svo sem stefndi byggir á.

Loks verður litið til þess að stefnandi er opinber aðili og að ekki þykir sá aðstöðumunur aðila fyrir hendi hér að efni séu til þess að stefndi beri einn áhættuna af ólögmæti þess að binda lánasamninginn við gengi erlendra gjaldmiðla.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins að við útreikning á eftirstöðvum lánasamnings aðila beri að fara að ákvæðum laga nr. 38/2001 eins og

þeim var breytt með lögum nr. 151/2010 um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara.

Útreikningur stefnanda á kröfum hans hverri og einni er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara og verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina.

Eftir úrslitum málsins verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda 750.000 krónur í málskostnað.

DÓMSORÐ

Stefndi, Arion banki hf., skal sýkn af kröfum stefnanda, Borgarbyggðar.

Stefnandi greiði stefnda 750.000 krónur í málskostnað.

Allan V. Magnússon